

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t.nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um árangurstengingu kolefnisgjalds, 380. mál.

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um tillöguna. Viðskiptaráð tekur á þessu stigi máls ekki afstöðu til þess með hvaða hætti kolefnisgjald er lagt á og getur af þingsályktunartillögunni ekki séð fyrir með hvaða hætti árangurstengingu álagningar gjaldsins yrði háttað. Núverandi fyrirkomulag álagningar er útfært í lögum um umhverfis- og auðlindaskatta sem krónutölur á hvern lítra af eldsneyti og álagningin því nokkuð gagnsæ.

Í umsögn ráðsins um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum kom hins vegar fram sú skýra afstaða ráðsins að álagning kolefnisgjalds verði tekjuhlutlaus og telur ráðið tilefni til að ítreka þá afstöðu.¹ Komi þannig til hækunar kolefnisgjalds skal því lækka aðrar opinberar álögur á móti þannig að hreinar tekjur ríkissjóðs af álagningu gjaldsins verði engar, heldur verði gjaldið sem slíkt notað í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, án þess að ríkissjóður hafi af því tekjur sem hann annars hefði ekki eins og nú er.

Meðal annarra helstu áhersluatriða ráðsins í þessum málum er að þær aðgerðir sem gripið verður til í baráttunni við loftslagsbreytingar verðir greindar, mælanleg markmið verði fundin og þeim forgangsraðað með tilliti til kostnaðar- og ábata.

Viðskiptaráð fagnar þannig hvers konar viðleitni í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og hefur lagst á árarar með stofnun umhverfishóps Viðskiptaráðs.² Ráðið hvetur því til að tillögunni verði breytt þannig að útfærsla árangurstengingar kolefnisgjalds verði útfærð frekar og jafnframt að í tillögunni verði lögð áhersla á tekjuhlutleysi ríkissjóðs af álagningu kolefnisgjalds.

Virðingarfyllt,



Gunnar Dofri Ólafsson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

¹ Umsögn Viðskiptaráðs: https://vi.is/%C3%BA%g%C3%A1fa/umsagnir/2018-/2018_11_15_umsogn-um-adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum.pdf og <https://www.facebook.com/vidskiptarad/videos/2079944759002463/>

² Umhverfishópur Viðskiptaráðs: <https://vi.is/malefnastarf/frettir/umhverfishopur-vidskiptarads-tekur-til-starfa/>